

Nd. 542. Frumvarp til laga [215. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Árið 1961 skulu happdrættisvinningar Styrktarfélags vangefinna vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni Styrktarfélags vangefinna. Erindi félagsins fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Styrktarfélag vangefinna hefur tvö undanfarin ár rekið happdrætti til fjáröflunar. Öllum nettóhagnaði hefur félagið varið til byggingarframkvæmda og annars til hagsbóta fyrir vangefið fólk. Þessum byggingarframkvæmdum, sem eru leikskóli og dagheimili í Safamýri í Reykjavík, svo og starfsmannahús í Skálátúni, er enn ekki lokið, og skortur er á fé. Hyggst því styrktarfélagið efna til happdrættis á þessu ári í fjáröflunarskyni, svo að ljúka megi áminnztum byggingarframkvæmdum. Að vinningar happdrættisins séu skattfrjálsir, er mikilsvert atriði til örvarar sölu happdrættismiða. Vonum því, að háttvirtu Alþingi þóknist að samþykkja ofanritað frumvarp.